

16. Frumvarp

til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr. laganna, skal farið eftir þessum reglum:

a. Skattgjaldið skal miðað við meðaltal af skattskyldum tekjum fjelags-

ins 3 reikningsárin næstu á undan niðurjöfnunni, ef fjelagið hefir starfað svo lengi og við meðaltal tveggja ára ef fjelagið hefir starfað tvö ár einungis.

b. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutafjár, skal með innborguðu hlutafje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safnast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.

c. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagf í varasjóð, þá er $\frac{1}{4}$ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til útblutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi, sem ekki var tilætlunin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helming þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fjelagsins á því ári.

d. Sem varasjóð samkvæmt b. og c. lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfnunarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlinis ætlaðir til þess að tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.

e. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Ef einstaklingur eða innlent fjelag, annað en hlutafjelag, rekur sjerstaklega áhættusama atvinnu, og hefir beðið tap af atvinnurekstri sínum í heild eitt eða fleiri af þrem árunum næstu á undan niðurjöfnun tekjuskatts, þá er fjármálaráðaneytinu heimilt að veita ívilnun í lögmæltum tekjuskatti, ef umsókn kemur um það frá gjaldþegni, og yfirskattanefnd mælir með henni, þó aldrei meiri en svo, að skatturinn sje reiknaður eftir meðaltali af skattskyldum tekjum síðustu þriggja ára. Jafnan skal heimtað að tap, er þannig á að koma til greina, sje sannað með fullgildu reikningshaldi.

3. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af launum þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um gagnkvæmar ívilnanir á tekju og eignarskatti þeirra íslenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Reglurnar um tekjuskatt innlendra hlutafjelaga í lögnum um tekju- og eignarskatt eru að ýmsu leyti miklu harðari en gerist í öðrum löndum. Mikið af þeirri starfsemi, sem hjer er rekin með hlutafjelögum, er mjög áhættusöm, einkanlega allskonar sjávarútvegur, en þjóðfjelaginu mjög nauðsynleg. Af því að atvinnuvegurinn er áhættusamur, leiðir það, að arður og afkoma fyrirtækjanna verða mjög misjöfn frá ári til árs. Nú stendur svo á, að þorri þeirra hlutafjelaga, er stunda sjávarútveg, hefir tapað árlega næstu 3 til 4 árin fyrir 1924, en hagnast mjög vel á þessu síðasta ári. Hjá flestum mun allur gróði ársins ganga beinlínis til að greiða tap undanfarinna ára, og eignir þeirra þó ekki meiri en fyrir skuldum í árslokin, er stafar með fram af því, að jafnhliða rekstrartapinu á undangengnum árum, hafa skip og aðrir fjármunir fjelaganna stöðugt fallið í verði. Í sumum fjelögnum er jafnvel allt hlutafjed enn þá tapað, en lánstraust þeirra hvílir á persónulegum ábyrgðum aðstandendanna.

Þegar svona stendur á — og það getar oftast komið fyrir — virðist vera óforsvaranlegt að skattleggja arð síðasta ársins án tillits til taps undanfögnu áráanna. Það væri sama sem að neyða fjelögin til að taka lán til greiðslu á skattinum, í von nm að sú skuld gæti greiðst af arði komandi árs, en slíkt er alveg óheilbrigt, og getur beinlínis orðið fyrirtækjunum til falls ef arðsvonir bregðast.

a. Það þykir því rjett að stinga upp á, sem meginreglu, að skattgjald innlendra hlutafjelaga skuli miða við þriggja ára meðaltal af skattskyldum tekjum. Er þetta í samræmi við þá reglu í löggjöf ýmsra þjóða um fjelagaskatt, að ef tap hefir orðið, þá greiðir fjelagið það að fullu af arði sínum áður en skattskyldur arður kemur fram, en þó er hjer ekki farið eins langt.

Fyrir rikissjóðinn hefir reglan það í för með sjer, að skatturinn af hlutafjelögum verður jafnari ár frá ári, og þá í rauninni vissari tekjustofn.

b. Eptir núgildandi reglum mundi arður, sem skift hefði verið meðal hluthafa með því að gefa þeim hlutabrfef fyrir honum, teljast til innborgaðs hlutafjár, og þannig verða til þess, að lækka skattstig fjelagsins, en ef sami arður er lagður í varasjóð, þá fær fjelagið ekki tilsvareandi stiglækkun á skatti sínum. Þegar hjer við bætist það, að frá skattskyldum tekjum dragast 4% af hlutafjenu, en ekki af varasjóði, þá er auðsætt, að löggjöfin hvetur mjög til þess, að verja sem mestu af arði þeim, er ekki kemur beinlínis til útborgunar, til aukningar hlutafjárins, en að leggja sem minst af honum í varasjóð. — Þetta er mjög óheppilegt fyrir sjálf fyrirtækin og fyrir þjóðfjelagið, því að aukningu hlutafjárins fylgja auknar kröfur um útborgun arðs, einnig í erfðum árum, en arð eða vexti af varasjóði þarf fjelagið ekki að greiða hluthöfum. Varasjóðurinn er fyrirtækinu sjálfu hollari eign en aukið hlutafje, einkanlega þegar áhættusöm atvinna er rekin. Það þykir því rjett að stinga upp á, að varasjóð skuli telja með innborguðu hlutafje í þessu sambandi, og ákvarðast þá skatt-

stigið af hlutfallinu milli arðsins annarsvegar, og sjálfseignar fjelagsins, eða þess höfuðstóls, sem hefir tekið þátt í öflun arðsins hinsvegar. og er það eðlileg regla.

c. Eftir fyrirmynd í dönsku lögunum um tekjuskatt og eignarskatt þykir rjett að löggjöfin gefi fremur hvöt til þess að leggja arð í varasjóð, fyrirtækinu til eflingar, heldur en að honum sje útbýtt meðal hluthafa, og er því stungið upp á að $\frac{1}{4}$ þeirrar upphæðar, sem í varasjóð er lögð, sje skattfrjáls, en verði einhverju af varasjóðnum síðar varið gagnstætt tilganginum, þá teljist helmingur þar af til skattskyldra tekna á því ári.

d. og e. munu ekki þarfnast skýringar.

Um 2. gr.

Það mun geta komið fyrir að einstaklingur eða fjelag, annað en hlutfjelag, bíði á einu ári svo mikið tjón af sjerstaklega áhættusömum atvinnuvegi, svo sem sildveiðum eða sildarverslun, að ósannngjarnt væri að taka ekkert tillit til þessa taps við ákvörðun tekjuskatts fyrir fyrsta eða annað ár þar á eftir. Um þetta þykir þó ekki gerlegt að setja almennar reglur, en farið fram á heimild til ívilnunar, þó ekki umfram grundvallarregluna fyrir innlend hlutfjelög.

Um 3. gr.

Það er tiska hjá öðrum þjóðum, að minsta kosti hjá öllum Nordurlandþjóðunum, að undanþiggja sendiherra sína, útsenda ræðismenn og starfsfólk þeirra tekjuskatti að nokkru eða öllu af starfslaunum þeirra, og byggist þetta m. a. á því, að dvöl erlendis verður hverjum manni jafnaðarlega dýrari en dvöl heima fyrir, og að þessir menn geta ekki nema að litlu leyti notið þeirra hlunninda þjóðfjelagsins, sem koma í móti sköttunum. Þykir rjett að fara fram á heimild til þess að taka upp hliðstæðar reglur hjer.

Um 4. gr.

Undirhúningur að slíkum samningum hefir verið upp tekinn eftir frumkvæði hinnar sameiginlegu ráðgjafarnefndar, og þykir rjett að fara fram á heimild til að gera þá ef saman gengur. Er ekki gert ráð fyrir að rikissjóður missi tekna svo neinu nemi vegna þessara ívilnana.